

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-maí 2009

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu fimm mánuði ársins 2009 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri neikvætt um tæpa 37 milljarða króna, sem er 72,4 milljörðum lakari útkoma heldur en sama tímabil í fyrra. Tekjur reyndust um 22,3 milljörðum lægri en í fyrra á meðan að gjöldin hækka um 50 milljarða.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-maí 2005-2009


	Í milljónum króna				
	2005	2006	2007	2008	2009
Innheimtar tekjur	136.556	155.065	187.540	194.465	172.135
Greidd gjöld	126.546	126.171	146.007	159.083	209.123
Tekjujöfnuður	10.009	28.894	41.533	35.382	-36.989
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-	-	-	-39	-
Breyting viðskiptahreyfinga	1.557	-613	-8.960	-5.455	-2.720
Handbært fé frá rekstri	11.566	28.281	32.573	29.889	-39.709
Fjármunahreyfingar	6.537	-2.428	-71.958	-2.351	8.110
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	18.102	25.853	-39.385	27.538	-31.599
Afborganir lána	-29.994	-38.104	-31.917	-16.341	-1.337
Innanlands	-13.770	-15.231	-20.808	-676	-1.345
Erlendis	-16.224	-22.873	-11.109	-15.665	0
Greiðslur til LSR og LH	-1.550	-1.650	-1.650	-1.650	0
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-13.442	-13.901	-72.952	9.547	-32.944
Lántökur	9.273	11.010	46.452	9.233	81.773
Innanlands	4.005	2.910	42.061	9.233	74.721
Erlendis	5.268	8.100	4.391	-	7.052
Breyting á handbæru fé	-4.168	-2.890	-26.500	18.780	48.829

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrstu fimm mánuðum ársins voru rúmlega 172 ma.kr. sem er um 22 ma.kr. minni tekjur en á sama tíma árið 2008. Áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir að innheimtar tekjur yrðu rúmlega 184 ma.kr. og er frávikið því 12 ma.kr. Munar þar mest um lægri skatta á vöru og þjónustu en gert var ráð fyrir í áætluninni. Skatttekjur og tryggingagjöld námu rúmlega 149 ma.kr. sem endurspeglar 16,6% samdrátt að nafnvirði eða 29,6% að raunvirði miðað við hækkun almenns verðlags (VNV án húsnæðis). Samdrátturinn á milli ára jókst að raunvirði frá síðasta mánuði og er 35,6% þegar horft er til 4 mánaða meðaltals, eins og sjá má á myndinni. Þá jukust aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs umtalsvert frá sama tíma árið 2008 en þær voru nú rúmlega 22 ma.kr. sem endurspeglar 69,1% hækkun að nafnvirði. Í áætlun fjárlaga var gert ráð fyrir tæpum 16 ma.kr. og er frávikið því rúmlega 6 ma.kr. en þar skýra auknar vaxtatekjur meginmuninn.

Skattar á tekjur og hagnað námu rúmlega 71 ma.kr. og drógust saman um 4,1% að nafnvirði samanborið við fyrstu fimm mánuði ársins 2008. Þar af nam tekjuskattur

einstaklinga rúmum 36 ma.kr. sem er 6,0% samdráttur að nafnvirði. Tekjuskattur lögaðila var tæplega 7 ma.kr. og dróst saman um 31,5% að nafnvirði en fjármagnstekjuskattur nam um 28 ma.kr. sem er 9,2% aukning frá sama tíma í fyrra. Innheimta eignarskatta var um 2,1 ma.kr. sem er samdráttur um 41,8% frá fyrra ári, þar af voru stimpilgjöld 1,3 ma.kr. og drógust þau saman um 54,7%.

Innheimta almennra veltuskatta nam rúmlega 57 ma.kr. á tímabilinu og dróst saman um 28,2% að nafnvirði á milli ára eða 39,4% að raunvirði (m.v. hækkun VNV án húsnæðis). Þegar litið er á 4 mánaða meðaltal er raunlækkunin á milli ára 40,2%, eins og sjá má á myndinni. Virðisaukaskattur nam tæplega 39 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins og dróst saman um 18 ma.kr. frá sama tíma 2008. Samdrátturinn nemur 31,8% að nafnvirði eða sem samsvarar 42,4% að raunvirði. Virðisaukaskattur í maímánuði, sem kemur að mestu af innflutningi á 2. virðisaukaskattstímabili ársins, þ.e. mars og apríl, nam aðeins tæplega 2 ma.kr. Þessi óvenjulága fjárhæð skýrist af áhrifum breyttra reglna um gjalddaga skattsins sem tóku gildi í mars sl. og gilda til ársloka. Samkvæmt þeim kom aðeins þriðjungur virðisaukaskatts á tímabilinu til greiðslu í maí en hinir tveir þriðjungarnir í júní og júlí. Það virðast þó ekki allir hafa nýtt sér þessa frestun til fulls þar sem rúmur milljarður sem var á gjalddaga í júní og júlí var greiddur í maímánuði. Innskattur sem greiddur var úr ríkissjóði í maí kemur til frádráttar innheimtum virðisaukaskatti og niðurstaðan varð því svo lág sem raun ber vitni. Reikna má með að liðlega 7 ma.kr. hafi frestast samtals fram í júní og júlí. Hvað aðra helstu liði veltutengdra skatta varðar er samdrátturinn milli ára mestur í vörugjöldum af ökutækjum eða yfir 90%. Tekjur af tollum og aðflutningsgjöldum námu tæpum 2 ma.kr. og tekjur af tryggingagjöldum voru rúmlega 15 ma.kr. sem er samdráttur um annars vegar 32,0% og hins vegar 10,4% á milli ára.



Greidd gjöld nema 209,1 milljarði króna og hækka um 50,0 milljarða frá fyrra ári, eða um 31,5%. Milli ára hækka útgjöld mest til almennrar opinberrar þjónustu um 18,5 milljarða, þar sem vaxtagreiðslur ríkissjóðs skýra 15,9 milljarða. Þá hækka útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála um 15,4 milljarða sem skýrist að mestu með 9,6 milljarða króna hækkun útgjalda atvinnuleysistryggingasjóðs á milli ára, 2,2 milljarðar vegna útgjalda lífeyristrygginga sem hækka um 12,4% og barnabótum sem hækka um 963 milljónir króna milli ára. Útgjöld til heilbrigðismála aukast um 7,4 milljarða króna milli ára þar sem útgjöld til sjúkratrygginga skýra 4,8 milljarða króna og útgjöld til Landspítala aukast um 1,3 milljarða. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála aukast um 4,6 milljarða króna og skýra framkvæmdir Vegagerðarinnar um 1,4 milljarða króna aukningu milli ára og Hafnarbótasjóður 728 milljónir króna. Útgjöld til menntamála aukast um 1,8 milljarða króna þar sem útgjöld til Háskóla Íslands aukast um 788 milljónir króna og útgjöld til Lánasjóðs íslenskra námsmanna aukast um tæpar 500 mkr. milli ára. Breytingar í öðrum málaflokkum eru svo minni en þau sem áður hafa verið talin.

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs er neikvæður um 32,9 milljarða króna í maí á móti jákvæðum lánsfjárjöfnuði 9,5 milljörðum á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárjöfnuður var neikvæður um 31,6 milljarða króna og lækkar um 59,1 milljarða milli ára sem skýrist með lækkun á handbæru fé frá rekstri. Frá áramótum hefur ríkissjóður selt ríkisbréf fyrir um 88,4 milljarða og lækkað stofn ríkisvixla um 13,6 milljarða. Þá tók ríkissjóður lán frá Færeyjum í mars að fjárhæð 300 milljónir danskra króna, jafnvirði 6,4 milljarða íslenskra króna. Á móti námu afborganir 1,3 milljarði króna sem skiptist jafnt á milli spariskírteina og annarra lána ríkissjóðs.

Tekjur ríkissjóðs janúar-maí 2007-2009

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2007	2008	2009	2007	2008	2009
Skatttekjur og tryggingagjöld	167 154	178 769	149 062	14,7	6,9	-16,6
Skattar á tekjur og hagnað	66 795	74 396	71 312	19,6	11,4	-4,1
Tekjuskattur einstaklinga	36 716	38 520	36 215	15,8	4,9	-6,0
Tekjuskattur lögaðila	9 313	10 059	6 893	-8,8	8,0	-31,5
Skattur á fjármagnstekjur	20 766	25 816	28 203	49,2	24,3	9,2
Eignarskattar	4 556	3 599	2 094	-3,9	-21,0	-41,8
Skattar á vöru og þjónustu	76 808	79 804	57 290	12,1	3,9	-28,2
Virðisaukaskattur	55 140	56 911	38 821	17,8	3,2	-31,8
Vörugjöld af ökutækjum	3 629	4 658	449	-27,6	28,3	-90,4
Vörugjöld af bensini	3 665	3 547	3 906	5,6	-3,2	10,1
Skattar á olíu	2 814	2 971	2 632	13,1	5,6	-11,4
Áfengisgjald og tóbaksgjald	4 525	4 581	4 966	6,7	1,2	8,4
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	7 034	7 136	6 516	8,1	1,5	-8,7
Tollar og aðflutningsgjöld	2 210	2 852	1 938	41,0	29,0	-32,0
Aðrir skattar	424	951	1 042	34,8	124,4	9,5
Tryggingagjöld	16 362	17 168	15 386	10,7	4,9	-10,4
Fjárframlög	450	207	239	68,0	-54,0	15,7
Aðrar tekjur	12 730	13 304	22 493	45,6	4,5	69,1
Sala eigna	6 782	2 185	340	-	-	-
Tekjur alls	187 116	194 465	172 135	20,7	3,9	-11,5

Gjöld ríkissjóðs janúar – maí 2009

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2007	2008	2009	2008	2009
Almenn opinber þjónusta	20 688	23 147	41 639	11,9	79,9
Þar af vaxtagreiðslur	7 124	7 630	23 550	7,1	208,6
Varnarmál	265	620	601	134,1	-3,2
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	6 738	7 898	7 838	17,2	-0,8
Efnahags- og atvinnumál	18 833	20 106	24 687	6,8	22,8
Umhverfisvernd	1 445	1 359	1 700	-6,0	25,1
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	183	222	263	20,9	18,5
Heilbrigðismál	37 675	40 865	48 298	8,5	18,2
Menningar- íþróttá- og trúmál	6 932	7 454	8 165	7,5	9,5
Menntamál	16 393	17 983	19 832	9,7	10,3
Almannatryggingar og velferðarmál	32 985	36 040	51 413	9,3	42,7
Óregluleg útgjöld	3 870	3 389	4 690	-12,4	38,4
Gjöld alls	146 007	159 083	209 123	9,0	31,5